

# Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 8. maí kl. 9-10.30

## Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Edda Kjartansdóttir, Klara E. Finnbogadóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Sólrún Harðardóttir.

## Fundarstaður

Námsmatsstofnun

## Umræðuefni

- Opinn fundur um hlutverk, ábyrgð og skyldur
- Fagráðsfundur framundan
- Staða verkefna – verkefnaáætlun
- Önnur mál

## Opinn fundur um hlutverk, ábyrgð og skyldur

Vegna þess að vinna sem tengist þessum fundi er ekki nægilega langt komin þótti raunhæft að fresta honum, auk þess sem hann þyrfti betri auglýsingu en hægt er að ná á rúmri viku. Ákveðið var að halda fundinn 31. ágúst, en kappkosta þó að fá örugglega svör í maí frá þeim hagsmunaaðilum sem enn hafa ekki svarað bréfinu sem stýrihópurinn stóð fyrir og sent var út í febrúar sl. Rætt var um skipulag fundarins og rifjað upp það sem var rætt á síðasta stýrihópsfundi. Lagt til að slóð á svör hagsmunaaðila fylgi fundarboði svo fundarmenn geti lesið yfir svörin fyrir fundinn. Einnig var rætt um að bjóða upp á streymi fundarins og það verði kynnt í fundarboði. Klara ætlaði að athuga með tæknilega aðstoð í sínum ranni, en einnig var talað um að Halldór Árni Sveinsson tæki verkið að sér. Aðalheiður, Edda og Sólrún halda annars utan um undirbúning fundarins.

## Fagráðsfundur framundan

Stýrihópur kom sér saman um dagsetninguna 9. júní kl. 13-17, fyrir næsta fagráðsfund. Sólrún sendi út tilkynningu til fagráðs um það. Á þeim fundi yrði eftirfarandi á dagskrá:

- 1) greinargerð vinnuhóps um Future Teachers a Profession at Crossroads,
- 2) hlutverk, ábyrgð og skyldur (umræða um svör hagsmunaaðila – orða spurningar fyrir opna fundinn)
- 3) starf fagráðsins (staða og framhaldið)

Á fundinum verði borin fram tillaga um tíma fyrir næsta fund fagráðsins.

Hugsanlega ætti það einnig að vera sérstakur dagskrárliður að ræða stefnur sem háskólarnir (HA og HÍ-MVS) hafa sett sér varðandi símenntun og starfsþróun kennara, ef okkur finnst það ekki rúmast í umræðu undir 2. lið.

## Staða verkefna – verkefnaáætlun

Farið var yfir verkefnalistann og staldrað við á nokkrum stöðum:

Upplýsingaveita

Fleiri fræðsluaðilar eru nú að fá inni á upplýsingaveitunni og búast má við mun fleiri fræðslutilboðum þar inn á allra næstu dögum.

### Sjóðakerfið

Draga þarf út meginatriði til að setja fram í stefnu fagráðsins útfrá þeim gögnum sem fyrir liggja. Sólrún mun byrja á því.

### Hugmyndir og hugtök

Oft er talað um *lærdómssamfélagið* í fagráðinu og þörf er á skilgreiningu á því svo tryggður sé sameiginlegur skilningur. Sólrún dreifði skilgreiningum til skoðunar sem komnar eru frá Gunnari Gíslasyni.

### Fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum

Í gangi, en ekkert er komið niður á blað. Þyrfti að komast betur áfram.

### Nýliðar – starfendarannsóknir

Hugmyndir voru áður fram komnar um að fá Hafþór Guðjónsson og Hjördísi Þorgeirsdóttur inn á fund fagráðsins / stýrihópsins og ræða um starfendarannsóknir. Umræður um að leita fanga hjá enn fleiri sérfræðingum áttu sér stað og þá ekki einungis um starfendarannsóknir heldur einnig um handleiðslu nýliða (í víðri merkingu) og almennt um leiðsögn í starfi. Þetta er mun eðlilegri þáttur í starfi kennara erlendis. Edda mun gefa þessum þönkum sérstaka athygli og líklega væri gott að stefna að því að fá þetta fólk inn í haust. (Lykilhugtök: induction og mentoring). Í þessu samhengi var Kari Smith nefnd <http://www.uib.no/personer/Kari.Smith> Varðandi starfendarannsóknir var sérstaklega rætt um að gæta þess að beina sjónum einnig að leik- og grunnskóla en HG og HP tengjast fremur framhaldsskóla.

### Lög og kjarasamningar

Skráning á hvernig símenntun og starfsþróun birtist. Í gangi hjá KÍ.

### Stefnumótun

Ekki hefur mikill tími skapast til þess beinlínis að skrifa inn í rammann sem áður var fram kominn. Öll vinna sem er í gangi er þó liður í að gera okkur það auðveldara og koma okkur áfram í rétta átt.

## **Önnur mál**

### Endurmenntunarsjóður grunnskóla

Klara lýsti að ekki væru neindir peningar í Endurmenntunarsjóði grunnskóla í ár. Farið var yfir ástæður þess að svona væri komið. Hún velti fyrir sér hvort fagráðið gæti eitthvað gert í málinu. Vissulega á fagráðið eftir að koma með sínar almennu tillögur, en engu að síður þótti rétt að fagráðið lýsti áhyggjum sínum yfir stöðu mála í bréfi til menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, enda er um að ræða umfangsmikið símenntunar- og starfsþróunarstarf sem sjóðurinn hefur styrkt fram að þessu.

### Fundargerðir og minnispointar

Ábending kom fram um að þægilegra væri að raða fundargerðum og minnispointum á þann veg að það nýjasta væri efst.

*Sólrún Harðardóttir tók punkta*